

Fundargerð 285. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg
Fundardagur: Þriðjudagur 15. ágúst 2023
Fundartími: 9:00-10:00
Fundarmenn: Árni Eiríksson oddviti
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Walter Fannar Kristjánsson
Harpa Magnúsdóttir
Elín Höskuldsdóttir

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Samþykkt að bæta við umsókn um framkvæmdaleyfi frá Selfossveitum bs. undir lið 11. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. Afgreiðslur byggingarfulltrúa nr. 188, dags. 05.07.2023

Lagt fram til kynningar.

2. Samgöngumál í Flóahreppi

Skv. 7. grein vegalaga nr. 80/2007 sér Vegagerðin um gerð vegaskrár sem er skrá yfir þjóðvegi og ber Vegagerðin ábyrgð á veghaldi skráðra vega í vegaskrá. Þjóðvegir á vegaskrá í Flóahreppi eru alls skráðir 149,42 km. Þar af eru stofnvegir 31,93 km, tengivegir 58,92 km og héraðsvegir 58,58 km.

Stofnvegir eru hluti af grunnkerfi samgangna. Á milli stofnvega í sveitarfélaginu eru tengivegir sem eru mikilvægur og órjúfanlegur hluti af vegakerfinu í sveitarfélaginu. Innan við helmingur tengivega í Flóahreppi eru með bundnu slitlagi og enginn af tengivegum í Flóahreppi ná saman alla leið á bundnu slitlagi. Sá hluti tengivega sem eru malarvegir eru víðast hvar í slæmu ástandi. Héraðsvegir í Flóahreppi eru stór hluti af vegakerfinu og víða liggja þeir að mörgum býlum og íbúðarhúsum og umferð um þá er töluverð. Héraðsvegir eru í mjög slæmu ástandi og þungt hefur reynst fyrir íbúa að ná fram eðlilegu viðhaldi á skráðum héraðsvegum.

Í dag er þjóðvegur 1 í gegnum Flóahrepp eini þjóðvegurinn sem skilgreindur er sem aðalbraut í Flóahreppi. Slyshætta við fjölfarna vegi líkt og Villingaholtsveg nr. 305 og Gaulverjabæjarveg nr. 33 er mikil þar sem þeir vegir eru ekki skilgreindir sem aðalbrautir og hægri reglan gildir um forgang um veginna.

Sveitarstjórn Flóahrepps harmar slæmt ástand malarvega í sveitarfélaginu og á það jafnt við um tengi- og héraðsvegi. Íbúafjölgun og fjölgun ferðamanna á svæðinu kallar á bætтар samgöngur og horfa verður á mikilvægi þess að byggja upp betri vegi út frá öryggissjónarmiðum. Reglulega er mikill umferð frá þjóðvegi 1 beint í gegnum Flóahrepp vegna framkvæmda eða slysa. Skólaakstursleiðir liggja um stærstan hluta vegakerfis sveitarfélagsins og slæmir malarvegir ekki boðlegir fyrir börn sem sitja í skólabil 180 daga á ári. Vegna slæmra vega gengur erfiðlega að uppfylla reglugerðir um hámarksdvöl nemenda í skólabilum þar sem akstursleiðir eru seinfarnar.

Sveitarstjórn leggur áherslu á að Vegagerðin skrái Villingaholtsveg nr. 305 og Gaulverjabæjarveg nr. 33 sem aðalbrautir sem njóti aðalbrautarréttar þannig að umferð um þá vegi hafi forgang gagnvart umferð af hliðarvegum. Biðskyldumerki og stöðvunarskylda verði þá sett á viðeigandi staði til að auka umferðaröryggi á veginum enda mikil og hröð umferð um veginna.

Slæmar samgöngur eru hamlandi þáttur í eðlilegri jákvæðri byggðapróun og að sveitarfélagið geti eflst sem atvinnusvæði og áfangastaður. Íbúar og aðrir vegfarendur verða ítreakað fyrir tjóni, óhöppum og sliti á bílum vegna slæmra aðstæðna.

Sveitarstjórn kallar eftir auknu fjármagni til eðlilegs viðhalds á vegum innan sveitarfélagsins þannig að markmiðum samgönguáætlunar um að auka öryggi í samgöngum, stuðla að jákvæðri byggðapróun og efla svæðið sem atvinnusvæði verði náð.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

3. Reglur um refa- og minkaveiði í Flóahreppi

Fyrir liggja uppfærðar reglur um refa- og minkaveiði í Flóahreppi. Reglurnar voru yfirfarnar af Bjarmalandi, félagi atvinnuveiðimanna í ref og mink. Helstu breytingar eru þær að sveitarfélagið ráði veiðimann til hefðbundinnar minkaleitar í sveitarfélaginu skv. reglugerðum þar um.

Sveitarstjórn Flóahrepps staðfestir framlagðar reglur um refa- og minkaveiði í Flóahreppi og þær upphæðir sem þar koma fram vegna greiðslu vegna refa- og minkaveiði.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

4. Beiðni um skiptingu á lóð í Heiðargerði

Fyrir liggur beiðni frá núverandi lóðarleiguhafa í Heiðargerði 7-8 L209872 um að lóðinni verði skipt upp í tvær lóðir líkt og áður og verði annars vegar Heiðargerði 7 og hins vegar Heiðargerði 8. Skv. erindi frá lóðarleiguhafa liggur fyrir samkomulag við Orkugerðina ehf. um að hún kaupi lóðina í Heiðargerði 7 af núverandi lóðarleiguhafa.

Sveitarstjórn Flóahrepps bendir á að lóðirnar í Heiðargerði eru leigulóðir og ekki í eigu skráðra lóðarleiguhafa heldur í eigu sveitarfélagsins. Sveitarstjórn samþykkir að lóðinni Heiðargerði 7-8 L209872 verði skipt upp í tvær lóðir líkt og áður var. Stærð lóðar í Heiðargerði 7 verður 5.643 m² og stærð lóðar í Heiðargerði 8 verður 4158 m². Sveitarstjóra falið að ganga frá skiptingu á lóð og gerð nýrra lóðarleigusamninga.

Samþykkt með 5 atkvæðum

5. Erindi frá Ólafi Sigurðssyni – Rafmagnsöryggi

Fyrir liggur erindi frá Ólafi Sigurðssyni hjá 360°hótel í Mosató, Flóahreppi. Bent er á neikvæðar afleiðingar rafmagnsleysis fyrir starfsemi hótelsins þar sem þau verða fyrir vatnsleysi þegar rafmagnið fer af við dæluskúr vatnsveitunnar. Óskað er eftir aðgerðum vegna málsins til að tryggja að ekki verði vatnslaut þegar rafmagnsleysi verður svæðinu.

Sveitarstjórn þakkar innsent erindi. Sveitarstjórn leggur áherslu á að straumleysi vegna viðgerða sé tilkynnt af RARIK eins fljótt og unnt er svo að hægt sé að undirbúa og minnka tjón af völdum rafmagnsleysis. Ófyrirséðar bilanir geta orðið á dreifikerfinu sem erfitt er að eiga við. Ljóst er að í sveitarfélaginu er fjölbreytt atvinnustarfsemi og rafmagnsöryggi á svæðinu því mikilvægt. Dreifikerfi RARIK í Flóahreppi liggur að mestu í jarðstrengjum en loftlínur tengja kerfið einnig saman að hluta og eru bilanir á kerfinu algengastar þar sem finna má loftlínur. Sveitarstjórn leggur áherslu á að dreifikerfi innan sveitarfélagsins verði styrkt eins og kostur er til að tryggja rafmagnsöryggi í sveitarfélaginu og telur að setja ætti loftlínu frá aðveitustöð á Selfossi í austurátt í forgang.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. Erindi frá Ingvari Guðna Ingimundarsyni – Umferðarhraði

Fyrir liggur erindi frá Ingvari Guðna Ingimundarsyni er varðar umferðarhraða og hraðatakmarkanir. Bent er á að þörf sé á að lækka hámarkshraða í kringum Vatnsenda til að auka öryggi á svæðinu enda margir afleggjarar, gangandi vegfarendur og að auki beygja í veginum. Vegagerðin hefur skostað aðstæður. Hraðatakmarkanir eru nú þegar framhjá Flóaskóla.

Sveitarstjórn tekur undir fyrirbyggjandi erindi og telur að lækka ætti umferðarhraða úr 90 km/klst í 70 km/klst frá Kolsholtsvegi að Hamarsvegi til að auka umferðaröryggi á svæðinu. Einnig að sett verði skilti sem gefa til kynna gangandi vegfarendur. Sveitarstjóra falið að taka samtal við Vegagerðina vegna málsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

7. Loftstaðir-Vestri L165512: Verslunar- og þjónustusvæði; Uppfærð greinargerð

Fyrir liggur tillaga að minniháttar breytingu á áður samþykktri greinargerð vegna Loftstaða-Vestri L165512.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir minniháttar breytingu á texta í kafla 3.1. í greinargerð vegna Loftstaða-Vestri L165512.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

8. Eystri-Loftstaðir 11 L227156; Íbúðar- og útihús; Deiliskipulag – 2210086

Fyrir liggja uppfærð gögn vegna deiliskipulags fyrir Eystri-Loftstaðir 11 L227156.

Sveitarstjórn frestaði afgreiðslu málsins eftir auglýsingu á fundi sínum þann 6. júní 2023 þar sem bregðast þurfti við umsögn Vegagerðarinnar vegna málsins.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu þar sem brugðist hefur verið við umsögn Vegagerðarinnar vegna málsins með fullnægjandi hætti. Deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

9. Endurskoðun aðalskipulags Flóahrepps

Á fundi sveitarstjórnar þann 2. maí 2023 var samþykkt að fara í heildarendurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Sú ákvörðun hefur verið tilkynnt til Skipulagsstofnunar. Skv. reglugerð nr. 90/2013 skal sá sem sinnir skipulagsgerð uppfylla ákveðin hæfisskilyrði varðandi menntun og reynslu.

Sveitarstjórn samþykkir að haldnir verði vinnufundir sveitarstjórnar með skipulagsfulltrúa þar sem rýnt verður í hversu umfangsmikil endurskoðun aðalskipulags Flóahrepps kann að verða. Í kjölfarið verði fengin tilboð í vinnu við endurskoðun aðalskipulagsins. Sveitarstjóra falið að finna hentuga fundartíma með sveitarstjórn og skipulagsfulltrúa og boða til vinnufunda.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

10. Styrkbeiðni vegna keppnisferðar

Fyrir liggur styrkbeiðni vegna fyrirhugaðrar keppnisferðar tveggja iðkenda úr Flóahreppi á vegum Glímusamband Íslands. Umræður um endurskoðun reglna um hvatastyrki urðu í tengslum við erindið.

Sveitarstjórn hafnar beiðni um styrk vegna keppnisferðar en felur íþróttá-æskulýðs- og menningarnefnd að taka til umræðu hugmyndir um breytingu á reglum um hvatastyrki þannig að þeir iðkendur sem ekki nýta árlega hvatastyrki hafi kost á því að sækja um styrki til keppnisferða. Sveitarstjórn leggur áherslu á að drög að endurskoðuðum reglum um hvatastyrki liggja fyrir í síðasta lagi á fundi sveitarstjórnar í október næstkomandi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

11. Laugardælur L166253; Stofnlögn hitaveitu; Framkvæmdaleyfi – 2302021

Á fundi sveitarstjórnar þann 7. mars 2023 frestaði sveitarstjórn útgáfu framkvæmdaleyfis þar til skriflegt samkomulag um legu lagnarinnar við landeigendur myndi liggja fyrir.

Samkomulag milli Selfossveitna og landeiganda liggur nú fyrir.

Sveitarstjórn samþykkir útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að framkvæmdin verði grenndarkynnt á grundvelli 44. gr. skipulagslaga landeigendum L166253 og L206145.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

12. Fundargerðir:

- a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 284, dags. 04.07.2023
- b) Framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga bs. nr. 12, dags. 07.07.2023
- c) Stjórnar SASS nr. 597, dags. 30.06.2023
- d) Stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga nr. 65, dags. 22.06.2023
- e) Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 229, dags. 08.08.2023
- f) Aukaaðalfundar Bergisans bs. dags. 15.06.2023

13. Efni til kynningar

- a) Ársfundur náttúruverndarnefnda 2023
Sveitarstjórn hvetur nefndarmenn í umhverfs- og samgöngunefnd, sem fer með hlutverk náttúruverndarnefndar sveitarfélagsins, til að skrá sig á ársfund sem verður blandaður stað- og fjarfundur.
- b) Frá Íslenska bænum – punktar frá fundi dag. 19.06.2023
- c) Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2023 21.-22. september
Sveitarstjórnarmenn skrá sig sjálfir á fjármálaráðstefnu sem haldinn verður í september og láta sveitarstjóra vita hvort þeir hyggist nýta gistingu á ráðstefnunni. Starfsmönnum skrifstofu einnig boðið að taka þátt líkt og fyrri ár.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
- d) Erindi frá Bændasamtökum Íslands – lausaganga/ágangur búfjár
Erindi vísað til landbúnaðar- og atvinnumálanefndar til kynningar og umfjöllunar.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
- e) Frá Innviðaráðuneyti: Stefnumótun stjórnvalda um skipulagsmál

- f) Frá fjármála og efnahagsráðuneyti: Starfshópur um skattlagningu orkuvinnslu
- g) Samantekt vegna refaveiða og grenjavinnslu sumarið 2023
- h) Næsti fundur sveitarstjórnar verður þriðjudaginn 5. september kl. 9:00 í Þingborg.

14. Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarmálabók.

Árni Eiríksson (sign)

Walter Fannar Kristjánsson (sign)

Elín Höskuldsdóttir (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)

Harpa Magnúsdóttir (sign)

Árni Eiríksson
Walter F. Kristjánsson
Harpa Magnúsdóttir
Hulda Kristjánsdóttir
Elín Höskuldsdóttir

Fundagerð 6.Fundur

Íþróttta-, æskulýðs- og menningarnefndar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg

Fundardagur: Mánudagur 28.ágúst 2023

Fundartími: kl:19:30

Fundarritari: Agnes Björg Birgisdóttir

Fundarmenn:

Sigrún Hrefna Arnardóttir, Rúnar Magnússon, Harpa Magnúsdóttir, Agnes Björg Birgisdóttir.

Vegna kornskurðarballs: Ungmennafélag Þjótanda: Fanney Ólafsdóttir kl:20

Vegna aðventutónleika / Jólatónleika: Berglind Björk Guðnadóttir kl:20

Efni fundar

1. Hvatastyrkir

Nefndin leggur til að ef einstaklingur hafa ekki nýtt allan sinn hvatastyrk þá sé það sjálfsagt að þeir geti nýtt hvatastyrkinn í keppnisferðir, hvort sem þær séu innanlands eða erlendis. Nefndin beinir því til sveitarstjórnar að athuga hvort mætti hækka styrkinn. Tillagan var samþykkt með 4 atkvæðum.

2. Ungmennaráð ráðstefna/ ungmennahús

Reynt verður að fá fulltrúa á ráðstefnuna Ungt fólk og lýðræði sem haldin verður í lok september. Haft verður samband við ungmennaráð til að athuga hvenær fyrsta ungmennahús haustsins verður.

3. Sækja um styrk hjá SASS vegna viðburða

Sótt verður um styrk fyrir aðventutónleika.

4. Kornskurðarball skipulag

Búið er að festa niður dagsetninguna 29. september og bóka hljómsveitina Meginstreymi. Húsið opnar 21:00 og ballið stendur yfir milli 22:00-02:00. Miðaverð verður 4.000 kr. Sótt verður um leyfi fyrir 250 manns, sem þýðir að 5 aðalmenn nefndarinnar verða í gæslu. Hugmynd kom upp að ráða einn mann aukalega í gæslu.

5. Aðventutónleikar skipulag

Berglind og fleiri ætla að koma fram á aðventutónleikum þann 7. desember. Ýmsar hugmyndir komu upp varðandi fleiri atriði. Sett verður út auglýsing til að athuga hvort að einstaklingar í sveitafélaginu vilji taka þátt.

6. Kvöldvaka á Fjör í Flóa hugmyndavinna

Þarf að endurhugsa hvernig kvöldvakan á Fjör í Flóa fer fram. Meðal annars kom upp sú hugmynd að styrkja frekar heimsóknina í lok kvöldgöngunnar á föstudeginum.

Fundi slitið: 21:30

59. stjórnarfundur Bergrisans bs.

09.06.2023

Staðsetning: Fjarfundur á Teams

Fundur hófst klukkan 08.30

Fundinn sátu: Fjóla St. Kristinsdóttir, Sandra Sigurðardóttir, Anton Kári Halldórsson, Ása Valdís Árnadóttir
Anný Ingimarsdóttir, Svava Davíðsdóttir, Eyrún Hafþórsdóttir, Sigprúður Birta Jónsdóttir,

Dagskrá

1. Staða samningaviðræðna við Sólheima

Gestur á fundinum undir lið 1 er Steinunn Erla Kolbeinsdóttir, lögmaður.

Samráð aðila er hafið vegna samningaviðræðna en í gildi er þjónustusamningur við Sólheima frá árinu 2019 með gildistíma til 31. desember 2023. Stjórn felur verkefnastjóra Bergrisans umboð vegna samningaviðræðna við Sólheima.

2. Beiðni um skammtímafjármögnun vegna verkefnis að Nauthaga 2 á Selfossi

Vinna við uppbyggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk í eigu Arnardrangs hses. við Nauthaga 2 er hafin. Vegna tafa á skammtímafjármögnun verkefnis er lagt til að stjórn Arnardrangs hses. óski eftir láni frá Bergrisanum bs. vegna framvindu 10 að upphæð kr. 20.835.705

Að auki er lagt til að óskað verði eftir láni vegna útgefinna reikninga frá VSB sem hefur umsjón með verkefninu að upphæð kr. 170.961

3. Afgreiðsla umsókna um npa samning

Þjónustusvæði Árneshöfða leggur fyrir beiðni um aukningu á tímum í NPA þjónustu vegna aðstoðarverkstjórnar. Í gildi er samningur um NPA þjónustu vegna 427 klst. á mánuði. Nú er óskað eftir heimild um aukningu tímafjölda sem nemur 20 klst. vegna aðstoðarverkstjórnar.

Stjórn samþykkir beiðnina.

4. Beiðni um endurskoðun á NPA taxta

Lögð er fyrir beiðni NPA miðstöðvar og NPA seturs um hækkun á taxta vegna eftirfarandi:

- a. Vegna lífskjarasamnings/hagvaxtarauka
- b. Vegna kjarasamninga með gildistíma frá 1. nóvember 2022

Stjórn samþykkir beiðni vegna liðar a. frá 1. janúar 2023 og vegna liðar b. frá og með 1. nóvember 2022 og felur verkefnastjóra að uppfæra útreikninga í samræmi við tillögu um útreikninga á hagvaxtarauka og í samræmi við tillögu um útreikninga vegna kjarasamninga með gildistíma frá 1. nóvember 2022.

5. Önnur mál

Stofnaður er samráðshópur um rekstur og skipulag Bergrisans bs. Hlutverk hópsins er að leggja mat á núverandi innra skipulag reksturs og mannauðs hjá Bergrisanum bs. Starfshópurinn vinnur greinagerð/tillögur sem lagðar verða fyrir stjórn Bergrisans.

Samráðshópin skipa Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, stjórnarformaður Bergrisans bs., Ása Valdís Árnadóttir, stjórnarmaður, Elliði Vignisson, stjórnarmaður og Sandra Sigurðardóttir, stjórnarmaður.

Fundi slitið klukkan 09.44

60. stjórnarfundur Bergrisans bs.

12.06.2023

Staðsetning: Fjarfundur á Teams

Fundur hófst klukkan 10:45.

Fundinn sátu Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, Anton Kári Halldórsson, Ása Valdís Árnadóttir, Sandra Sigurðardóttir og Ingibjörg Garðarsdóttir.

Ása Valdís Árnadóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Lánabeiðni frá Arnardrangi hses vegna byggingar íbúðakjarna.

Fyrir liggur lánabeiðni frá Arnardrangi hses vegna framkvæmda á byggingu íbúðakjarna við Nauthaga 2. Lánabeiðni er vegna framvindu 10 að upphæð 20.835.705 kr. Að auki er óskað eftir láni vegna reikninga frá VSB verkfræðistofu sem hefur umsjón með verkefninu.

Þar sem upphæð á reikningum VSB liggur ekki fyrir samþykkir stjórn að fela formanni og verkefnastjóra að upplýsa stjórn Bergrisans um lokaupphæð á láninu.

Stjórn Bergrisans samþykkir lánveitinguna.

Fundi slitið klukkan 10:55

61. stjórnarfundur Bergrisans bs.

12.07.2023

Staðsetning: Fjarfundur á Teams

Fundur hófst klukkan

Fundinn sátu: Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, Anton Kári Halldórsson, Ása Valdís Árnadóttir, Sandra Sigurðardóttir Svava Davíðsdóttir, Eyrún Hafþórsdóttir og Íris Ellertsdóttir sem ritar jafnframt fundargerð. Steinunn Erla Kolbeinsdóttir er gestur undir fundarlið 1.

Dagskrá

1. Kröfugerð Sólheima

Borist hefur krafa frá Sólheimum um hækkun framlaga frá Bergrisanum bs. Jafnframt hefur borist erindi vegna aukinnar fjárþarfar í rekstri Sólheima.

Gestur undir fundarlið 1 er Steinunn Erla Kolbeinsdóttir, lögmaður.

Stjórn Bergrisans óskar eftir frekari greiningu á þeim gögnum sem Sólheimar byggja kröfur sínar á og felur verkefnastjóra Bergrisans bs. að fá tilboð í það verkefni frá HLH ráðgjöf ásamt því að leita til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga með styrkbeiðni vegna sama verkefnis.

2. Málakerfi fyrir Bergrissann bs.

Bergrissinn hefur fengið tilboð frá Spectra um útfærslu í Work point málakerfi. Tilboð er kynnt.

Stjórn Bergrisans samþykkir tilboð vegna skráningar í Work point málakerfi að upphæð kr. 102.690.

3. Heimasíða fyrir Bergrissann bs.

Lagt er til að Bergrissinn bs. haldi úti heimasíðu til að auka gagnsæi og upplýsingaflæði í málefnum fatlaðs fólks. Á heimasíðu verða birtar helstu upplýsingar um byggðasamlagið, lagaumhverfi í málaflokknum og þær reglur sem eru í gildi á þjónustusvæðinu á hverjum tíma.

Stjórn samþykkir tillöguna og leggur til að Bergrissinn fái úthlutað undirsíðu á léni Árborgar.

4. Skipan starfshóps um uppbyggingaráætlun um húsnæði fatlaðs fólks

Lagt er til að unnin verði uppbyggingaráætlun húsnæðis fyrir fatlað fólk á starfssvæði Bergrisans sem tekur mið af stöðu biðlista og spá um þörf fyrir húsnæði fyrir fatlað fólk. Leggja þarf heildstætt mat á þörf fyrir mismunandi húsnæði og leggja til forgangs röðun uppbyggingar með það að markmiði að fatlað fólk hafi öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði.

Stjórn samþykkir að unnin verði uppbyggingaráætlun húsnæðis fyrir fatlað fólk á starfssvæði Bergrisans og leggur til að skipaður verði starfshópur kjörinna fulltrúa af þjónustusvæðum Bergrisans bs., auk fagaðila og verkefnastjóra. Starfshópur sækir um styrk vegna verkefnisins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

5. Beiðni um endurskoðun á NPA taxta

Lögð er fyrir beiðni NPA seturs þar sem óskað er eftir endurskoðun vegna ákvörðunar stjórnar er varðar hagvaxtarauka en stjórn hafði á fundi nr. 59 þann 12. júní sl. ákveðið að breyta NPA töxtum sínum til að mæta kostnaði vegna hagvaxtarauka frá og með 1. janúar 2023. NPA setur óskar eftir að stjórn endurskoði gildistíma taxtahækkunar og leggur fram gögn sem sýna fjárþörf vegna hagvaxtarauka árið 2022.

Stjórn samþykkir beiðnina og felur verkefnastjóra Bergrisans að útfæra hana.

6. Lánabeiðni frá Arnardrangi hses. vegna byggingar íbúðakjarna.

Fyrir liggur lánabeiðni frá Arnardrangi hses. vegna framkvæmda á byggingu íbúðakjarna við Nauthaga 2. Lánabeiðni er vegna framvindu 11 að upphæð kr. 17.358.802. Að auki er óskað eftir láni vegna reikninga frá VSB verkfræðistofu sem hefur umsjón með verkefninu að upphæð kr. 277.333

Stjórn samþykkir beiðnina.

7. Önnur mál

Rætt er um málefni Skaftholts. Stjórn Bergrisans óskar eftir að þjónusturáð fjalli um fyrirkomulag þjónustu í Skaftholti.

Fleira ekki gert. Fundi slitið klukkan 11:55

Hringvegur um Ölfusá

Fundur vegna Hringvegar um Ölfusá með fulltrúum frá sveitarfélögum Árborgar og Flóahrepps 16. ágúst 2023



Mætt(ir):

Atli Marel Vokes	Árborg
Einar Óskarsson	Vegagerðin
Hulda Kristjánsdóttir	Flóahreppur
Margrét Ósk Aronsdóttir	Vegagerðin
Sigurður Þór Haraldsson	Árborg
Vígfús Þór Hróbjartsson	UTU

Fjarverandi, fá afrit af fundargerð:

Árni Eiríksson	Flóahreppur
Guðmundur Valur Guðmundsson	Vegagerðin
Jón Heiðar Gestsson	Vegagerðin
Rúnar Guðmundsson	Árborg
Svanur G. Bjarnarson	Vegagerðin

Síða 1/2

Nr.	Mál/Gögn	Erindi/Efni	Umsjón
1	Staða á framkvæmdaleyfi	<p>Flóahreppur: Það á eftir að vinna úr þeim athugasemdum og ábendingum sem bárust vegna kynningar á framkvæmdaleyfi. Stefnt er að því að afgreiða framkvæmdaleyfi á næstu dögum, mögulega eftir sveitarstjórnarfund 5. september. Lagt er til að halda næsta fund 6. september í stað 30. ágúst vegna þessa.</p> <p>Frá síðasta fundi Árborg: Eru klár með framkvæmdaleyfi en ætla að gefa út á sama tíma og Flóahreppur.</p>	<p>Vegagerðin</p>
2	Svæði fyrir aðstöðu verktaka	<p>Vegagerðin bókar fund með golfklúbbum til þess að fara yfir afmörkun svæðisins ásamt hönnun skurðar í og við veghelgunarsvæðið.</p> <p>Vegagerðin þyrfti að fá frá Árborg hvernig skuli skila reitum sem verktaki notar sem aðstöðu á framkvæmdartíma. Aðkoma að mögulegri aðstöðu verktaka austan ár yrði frá Laugardælavegi og keyrt um veghelgunarsvæði. Atli og Rúnar taka þetta til sín og skoða þessi mál.</p>	<p>VG</p> <p>Árborg</p> <p>Fundarritari Margrét Ósk Aronsdóttir</p>
3	Einholtsgvegur og frágangur við undirgöng beggja vegna ár	<p>Árborg upplýsir um það að Bárður Árnason, ráðgjafi hjá Eflu sé með umsýslu, f.h. Árborgar yfir samantekt gagna vegna Einholtsvegar.</p> <p>Bárður búinn að senda verklýsingu fyrir hönnun og framkvæmd. Vegagerðin búin að taka þær upplýsingar og setja inn í sniðmát útboðslýsingar og senda aftur á Árborg og Bárð til yfirlestrar. Vegagerðin óskar eftir skilgreiningu og verklýsingu fyrir stíg samsíða Einholtsvegi. Árborg boðar fund með Bárði og</p>	<p>Árborg</p>

	<p>Vegagerðinni til þess að fara yfir útistandandi mál vegna Einholtstvegjar.</p> <p>Frá síðasta fundi Útistandandi atriði varðandi mögulegar skeringar við ruslahauga /sorpurðunarstaði. Vegagerðin spyr hvort gera þurfi ráðstafanir eða afla leyfa vegna mögulegra skeringa í hauga við ruslasvæði vegna tengingar. Árborg kannar.</p>	
Landmótun og skipulag við Árbakkahverfi og golfvöll	Árborg boðar fund með forsvarsmönnum Árbakkahverfis og Vegagerðinni til þess að ræða skurði og hljóðmön sem liggja í og fyrir utan veghelgunarsvæði.	Árborg
Tengingar við Laugardælaveg Stígur við undirgöng Laugardælavegar	<p>Tengingar við Laugardælaveg skulu fara með í útboðið. Árborg sýnir tillögur sem eru á borði sveitarfélagsins, samsvarandi og forhönnun. Árborg kannar hvort að þær tengingar sem gerðar voru í forhönnun samsvari ekki óskum sveitarfélagsins.</p> <p>Vegagerði spyr hvort Árborg ætli að gera eitthvað við núverandi Laugardælaveg þar sem hann verður notaður sem göngu- og hjólastígur. Stendur ekki til. Vegagerðin tengir því stíg úr undirgöngum við núverandi Laugardælaveg eins langt að þurfa þykir til þess að uppfylla hönnunarkröfur.</p>	Árborg
Skil á aflögðum kafla Hringvegjar	<p>Eins og hefur áður komin fram mun Vegagerðin taka niður staura, stikur og skilti á núverandi Hringvegi frá hringtorgi við Gaulverjabæjarveg og austur þar sem að nýr Hringvegur tengist við núverandi Hringveg.</p> <p>Árborg og Flóahreppur taka samtali um það hvernig þau óska eftir því að fá vegstubbinn/landið undir aflögðum vegi afhent. Árborg og Flóahreppur leggja til að malbik verði fræst af og vegurinn jafnaður út að mestu.</p>	Árborg / Flóahreppur
Næstu skref		
	Vegagerðin boðar fund með GOS vegna aðstöðu verktaka innan golfvallasvæðis og útfærslu skurðarkerfis	VG Vegagerðin
	Árborg kannar það hvort gera þurfi ráðstafanir varðandi skeringar í ruslahauga/urðunarstaði vegna Einholtstvegjar.	Árborg
	Árborg boðar fund vegna yfirferð gagna fyrir Einholtstveg	Árborg
	Árborg boðar fund með Árbakkahverfi og Vegagerðinni	Árborg
	Árborg kannar það hvort gera þurfi ráðstafanir varðandi skeringar í ruslahauga	Árborg (UTU)
	Árborg lætur útbúa verklýsing/kröfulýsingu fyrir þær vegtengingar sem eiga að vera með í útboðinu, í samráði við Flóahrepp (UTU).	Árborg
	Árborg og Flóahreppur (ásamt UTU) hefji samtal um skil Vegagerðarinnar á aflögðum kafla Hringvegjar austan Selfoss	Árborg Flóahreppur UTU
	Næstu fundur 6. sept	VG boðar

FUNDARGERÐ STJÓRNAR BYGGÐASAFNS ÁRNESINGA



BYGGÐASAFN
ÁRNESINGA

7. fundur stjórnar Byggðasafns Árnésinga var haldinn miðvikudaginn 16. ágúst 2023 kl. 16,15 í sal Búðarstígs 22 á Eyrarbakka. Fundinn sátu Sandra Sigurðardóttir formaður, Þórhildur Dröfn Ingvadóttir varaformaður og Árni Eiríksson ritari. Fundinn sat einnig Lýður Pálsson safnstjóri sem skrifaði fundargerð. Fundargerðin var færð í tölvu.

1. Samningar. Lagður var fram listi yfir samþykktir, samkomulög, þjónustusamninga og aðra samninga sem starfsemi Byggðasafns Árnésinga byggir á. Samþykkt að fela safnstjóra að gera drög að nýjum þjónustusamningi milli Árborgar og safnsins um rekstur Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka.

2. Samningar vegna komu hópa. Safnstjóri hefur í samtölum við stjórnarmenn í sumar tjáð þörf þess að gera við þá aðila sem koma ört með gestahópa í safnið samninga um verð og umgengi við safnið. Umfangið er misjafnt eftir hópum og stundum mikið. Stjórn safnsins samþykkir að allir hópar skuli sitja við sama borð varðandi aðgangseyri að safninu. Stjórn safnsins samþykkir að fela safnstjóra að gera form að samningum við þessa aðila og miða við verðskrá Byggðasafns Árnésinga með hefðbundum afslætti og þóknun. Einnig skal fjallað um umgengni við safnið í samræmi við leiðbeiningar Þjóðminjasafns Íslands um umhirðu húsa í húsasafni Þjóðminjasafns Íslands.

3. Bréf frá skipulagsfulltrúa Árborgar. Bréfið er dagsett 19.6.2023. Eigendur Nesbrúar 1 hafa óskað eftir stækkun lóðar sinnar á kostnað nyrsta hluta lóðar Búðarstígs 22. Skipulagsfulltrúi óskar eftir umsögn og samþykki stjórnar Byggðasafns Árnésinga. Stjórn Byggðasafns Árnésinga hafnar þessari ósk þar sem þetta mun koma í veg fyrir framtíðaruppbyggingu safnsins til langs tíma.

4. Þjóðminjasafn Íslands. Safnstjóri greindi frá fundi sem hann átti með stjórnendum Þjóðminjasafns Íslands sl. vetur. Rætt var um leiguhúsnæðið í Búðarstíg 22, margvísleg samskipti vegna Hússins á Eyrarbakka og ósk safnsins um aðkomu Byggðasafns Árnésinga að húsinu Eyri á Eyrarbakka sem er nú orðinn hluti af húsasafni Þjóðminjasafns Íslands en þarfnast viðgerða. Fundurinn var góður og upplýsandi fyrir báða aðila en engar ákvarðanir voru teknar.

5. Rekstur safnsins. Rætt var um sex mánaða uppgjör fyrrihluta ársins. Með nýjum kjarasamningum er á brattan að sækja og telur stjórn safnsins að taka verði upp rekstraráætlun 2023 til endurskoðunar og afgreiðslu á haustfundi Héraðsnefndar Árnésinga. Stjórn safnsins felur safnstjóra að uppfæra rekstraráætlun 2023 í ljósi nýrra kjarasamninga og reksturs safnsins á árinu. Til að komast á mót við rekstrarstöðu safnsins er samþykkt að fresta málungu Assistentahússins til næsta vors.

6. Starfsemin. Safnstjóri sagði frá starfinu. Sumarstarfið gengur vel og söfnin opin upp á gátt alla daga. Fagmenntaðir starfsmenn safnsins unnu að nýrri heimasíðu og jafnframt verið að leggja drög að nýjum kynningarbæklingi sem prentaður verður í janúarbyrjun næsta árs. Unnið er að verkefnum eins og nýskráningu, markaðsstarfi og gerð fræðsluverkefna. Afgreiðsla Hússins á Eyrarbakka hefur fengið upplýftingu með nýjum skáp fyrir söluvörur. Sýningunni „Konur á Eyrarbakka“ hefur verið frestað til næsta árs en í september opnar í borðstofu sýning þar sem valinn safnkostur Byggðasafns Árnésinga verður í öndvegi.

7. Næsti fundur. Safnstjóri er að hefja vinnu við gerð áætlana 2024. Stefnt er að stjórnarfundi þegar áætlanirnar eru tilbúnar til umfjöllunar stjórnar og síðan afgreiðslu haustfundar Héraðsnefndar Árnésinga.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18.

Sandra Sigurðardóttir Þórhildur Dröfn Ingvadóttir
Árni Eiríksson Lýður Pálsson

230816stjórnarfundur hjá Byggðasafni Árnésinga nr. 7